

Alþingi
Erindi nr. P 131/401
komudagur 3.12.2004

Umhverfisnefnd Alþingis
Hlín Lilja Sigfúsdóttir
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 01. desember 2004
2004110014/42-8
SB/ph

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999
(eldri námur)**

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 16. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ofangreint lagafrumvarp um breytingu á lögum um náttúruvernd. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að við lögin bætist bráðabirgðaákvæði sem tekur á og færir til betra horfs leyfisveitingar og mat á umhverfisáhrifum vegna efnisnáms sem hafið var fyrir 1. júlí 1999, þ.e. fyrir gildistöku laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að hér sé um brýnt og þarft lagafrumvarp að ræða og styður eindregið að það verði lögfest. Stofnunin bendir á að við frágang frumvarpsins hefur frestur, sem starfshópur umhverfisráðuneytisins lagði til, fyrir gildistöku ákvæðis um efnisnámur sem ná viðmiðum um tilkynningaskyldu verið lengdur um eitt ár, þ.e. frá 2006 til 2007. Stofnunin sér ekki ástæðu til að lengja frestinn og leggur til að þessu verði breytt aftur þannig að í fyrstu línu standi: "Eftir 1. júlí 2006 er efnistaka....."

Virðingarfyllst



Snorri Baldursson
aðstoðarforstjóri

